

hunn líka af skyldulögðmáli, sem vér finnum að sé fjarlaegt hinu fyrra. Og í öðru lagi að meðvitund um skyldu sé innri meðvitund um það, að ýmsar vorar mismunandi tilfinningarág og higrenningar séu sumar góðar, sem vér eignum að rækta, en sumar vondar, sem vér eignum að bæla niður. Þeir halda því fram, að það sé sálarfræðislega satt, að vér höfum sjálfsmeðvitni d um að vorar mannúðartilfinningar séu æðri en þær heifstra knistfullu, sannleiki æðri en lýgi, réttlæti fremur en ranglati, skírlifi fremur en saurlifi, og að á öllum tímum og alstaðar hafi vegir dygðarinnar stefnt að hinum æðri tilfinningum, en ekki hinum lægri. Það getur verið að skyldutilfinningin sé svo veik að hinar legri hvatir hafi yfirhöndina. Ýmsar kreddukennningar geta og svo vilt fyrir oss sjónir. En fyrir ofan alt þetta skín þessi sannleiki. Enginn sem óskar þess að verða betri og helgari í myndar sér að hann geti orðið það með því, að verða heift-ræknari eða lýgnari eða óskírlifari. Sérhver sem óskar að verða fullkominn hneigist fremur að mannúð, sannleiksást og skírlifi.

Þeir, sem halda fram „intuitive“-kenningunni, viðurkenna erviðleika á því, að sanna rökfræðislega tilveru eðlishvatara til dygða. En þar sem svo margt bendi til, að hún sé meðfædd hjá manninum, án uppeldis, og þar sem aðrar eðlishvatir séu manni meðskapaðar, sem ekki séu háðar uppeldi, þá sé það nægileg sönnun. Þeir taka t. d. fegurðartilfinning, og mundu þeir setja upp dæmi svipað þessu til að sanna mál sitt. Öll hljótum vér að viðurkenna að fullorðni maðurinn hefir fullkom-nari fegurðarsmekk heldur en þegar hann var barn. Vér skul-um hugsa oss listamann eða mann, sem hefir vit á málverkum. Á barnsaldri eða meðan fegurðarsmekkur hans var lítt þrosk-aður, þá hafði hann meiri unun af þeim myndum, sem höfðu sterka liti og grófa drætti, heldur en þeim, þar sem drættirnir voru fínni og litbrigðin listhæfari. Að því leyti er hann ekki und-antekning frá öðrum börnum. Þau eru öll svo skapi farin, þó nokkur þroskist upp úr því ástandi. Þegar hann er orðin vax-inn, þá hefir hann breyzt og nú þýkir honum lítið varið í sterka liti og grófa drætti, en þykir miklu meira varið í það málverk, þar sem litbreytingar og fínir drættir gera málverkið listaverk.